

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ:

Deiliskipulag Sjalands, Strikið 1-7.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir þjónustuseli/hjúkrunarheimili fyrir 66 vistmenn og 56 þjónustuíbúðum fyrir aldraða. Gildandi skipulag gerir ráð fyrir byggingarreit meðfram Strikinu fyrir 6 hæða byggingu og 2ja hæða byggingu og bensinstöð nær Vífilsstaðavegi. Breytingartillagan gerir einnig ráð fyrir því að byggingarreitur verði tvískiptur, fyrir 4 hæðir að vestanverðu en allt að 5 hæðir að austanverðu. Lögun húsanna breytist og byggingarreitur fyrir hærri hús færist nær Vífilsstaðavegi að hluta. Ákvæði um bensinstöð er felld út samkvæmt tillögunni. Tillagan gerir ráð fyrir 145 bílastæðum, 79 ofanjarðar og 66 í bílgeymslu.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi óverulegar breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ:

Deiliskipulag Arnarness, Prastanes 18.

Breytingin gerir ráð fyrir viðbyggingu við austurhlíð húss sem hýsa skal stigahús auk útskots á annarri hæð fyrir stækkun svefnherbergis.

Deiliskipulag Molduhrauns, Vesturhraun 1.

Breytingin felst í að byggingarreitur stækkar um tæpa 15 m² vegna viðbyggingar að norðvestanverðu. Veggghæð viðbyggingar er 2,25 m en mænishæð 3,4 m. Viðbygging skal hýsa lyftara.

Deiliskipulag Hnoðrahólts, Háholt 4.

Breytingin gerir ráð fyrir bílskýli utan byggingarreits milli húss og steyppts veggjar á lóðarmörkum. Bílskýlið verður opið að framanverðu. Steypur stoðveggur er til staðar við enda bílskýlis.

Deiliskipulag miðbæjar, neðsta svæði (Svæði III), Litlatún 3.

Breytingin gerir ráð fyrir færslu skiltis til norðurs í lóðinni. Skiltið verður staðsett á norðurenda bílastæðapalls og fækkar bílastæðum um eitt við breytinguna.

Deiliskipulag Kjóavalla, Hattarvellir.

Breytingin felst í að afmörkuð er ný lóð fyrir dreifistöð OR við Hattarvelli.

Deiliskipulagsbreytingar þessar hafa fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagsbreytingarnar öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 14. apríl 2010.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.